

# Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

## Nóvember 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í nóvember: Í nóvember hefur verið mikið um fundarhöld í tengslum við AtVest og stofnun Vestfjarðastofu, flestir þeirra hafa verið símafundir á vegum undirbúningsstjórnar að stofnum Vestfjarðastofu en einnig var stjórnarfundur í AtVest á Ísafirði (hátt í 10 fundir í allt). Sér fyrir endann á þessari vinnu hjá mér þar sem stofnfundur Vestfjarðastofu er áætlaður 1. desember og þar með fer stjórnarstörfum mínum að ljúka hjá AtVest. Nokkur vinna og fundarhöld voru einnig í kringum BsVest í tengslum við tillögu Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks á Vestfjörðum og var málþing haldið á Patrö af því tilefni. Til stóð að halda aukafund BsVest þar sem málið yrði til lykta leitt en ekki kom til þess þar sem Ísafjörður dró tillögu sína til baka þar sem ekki náðist að vinna henni stuðning meðal annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Einnig var stjórnarfundur í BsVest. Svæðisskipulagsnefnd fundaði einu sinni í mánuðinum en nú er svæðisskipulagstillaga að líta dagsins ljós ásamt umhverfisskýrslu og var tillagan samþykkt í sveitarstjórn í mánuðinum, fer hún nú til umsagnar hjá Skipulagsstofnun. Fulltrúar VÍS komu til fundar til að fara yfir tryggingar sveitarfélagsins. Sveitarstjórinn í Búðardal bauð starfsfólki skrifstofu Strandabyggðar og Reykhóla á námskeið í Outlook og möguleikum þess og fóru Brynja og Salbjörg í Búðardal af því tilefni. Vinnufundir hafa verið vegna fjárhagsáætlunargerðar en fjárhagsáætlun fyrir 2018 – 2021 var lögð fram til fyrri umræðu á sveitarstjórnarfundum þann 14. nóvember. Skýrslugerð vegna refa- og minnkaveiði dróst fram eftir nóvember þar sem rafrænt skilaform sem UST ætlaði að setja fram hefur dregist, urðu skil því seinni en vanalega en með sama gamla laginu, mikill handavinna við innslátt upplýsinga.

### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í nóvember komu á land um 107 tonn allt á landbeitta línu. Skipt var um rafhlöðu í baujunni og eins hefur verið skipt um töluvert af slöngum í nýrri krananum.

Við höfum verið töluvert í smá breytingum á áhaldahúsinu innandyra setja upp hillur og betrubæta.

Klárað var að steypa við niðurföll á Borgarbraut og dren lagað á milli kirkju og Borgarbrautar 1.

Securitas kom í nóvember og tók út öll brunakerfi hjá okkur.

Aðeins var unnið við vatnsveitu þ.e. inntak við Hafnarbraut.

Einhver stífla myndaðist við leikskólann Lækjarbrekku sem næst ekki að leysa úr svo það koma hér menn frá Stíflubjónustu Ásgeirs með myndavél og annan búnað til þess að losa þetta því stíflan er undir húsinu. Eins hefur áhaldahúsið verið að vinna í leikskólanum við uppsetningar á hillum ásamt öðrum smáverkum.

Síðan brast á með smá vetri hjá okkur svo það hefur þurft að hreinsa götur þó nokkuð.

Útkall var hjá slökkviliðinu þann 28. Nóv vegna bruna á Bakka í Bjarnafirði og fórum við þangað til aðstoðar við slökkvilið Kaldrananeshrepps og gekk mjög vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

### Frá skrifstofustjóra – Salbjörg Engilbertsdóttir

Er fríi

### Frá leikskólastjóra – Alma Benjamínsdóttir

Nóvembermánuður hefur runnið ljúflega en full hratt hjá okkur leikskólafólki. Jólaundirbúningur er hafinn og stefnum við á að honum sé lokið 15. Desember, en þá taki við einskær rólegheit fram að jólum.

6. – 10. Nóvember var vinavika þar semstarfið snérist að mestu um umfjöllun um vináttuna. Í þessari viku byrjaði eldri deildin að starfa með námsefni um vináttuna sem er á vegum Barnaheilla. Í hverri viku eru tvær samverustundir með börnunum sem snúa eingöngu að þessu vináttuverkefni. Þetta er liður í eineltisáætlun leikskólans.

Á degi íslenskrar tungu 16.11. fengum við Hönnu og Heiðu frá félagi eldri borgara í heimsókn. Þær lásu sögu fyrir leikskólabörnin og fengu söng að launum.

22. og 23. Var jólaverkstæði við leikskólann. Þá komu foreldrar og áttu stund með börnunum sínum þar sem var fönðrað fyrir jólin, glimrað og límt, hlustað á jólalög og borðaðar mandarínur og piparkökur.

27. og 28. Voru bakaðar piparkökur og þær skreyttar. Börnin fóru svo heim með nokkrar skreyttar kökur til að bjóða fjölskyldunni.

Veikind hafa aðeins verið að hrjá starfshópin en 12 daga af 22 vinnudögum í þessum mánuði hefur vantað einn eða fleiri starfsmenn vegna veikinda. Þetta hefur verið viðráðanlegt og verður vonandi áfram.

Fundir:

Kristrún fræðslustjóri kom 2.11. til Hólmavíkur. Ég sat sameiginlegan fund með henni og Hrafnhildi skólastjóra þar sem farið var yfir vinnu framundan við stefnumótanir og áætlanagerðir fyrir skólana.

20.11. átti ég fjarfund með Kristrúnu vegna áætlanagerðar.

30.11. var fjarfundur með Steinunni hjá Starfsleikni.

Haldinn var starfsmannafundur 7. 11.

Símenntun:

Jóna Guðbjörg, Friðrik Hreinn og Ásbjörn Nói sóttu námskeið í Búðardal um málörvunarefnið, Lubbi finnur málbein. Eru þá nánast allir starfsmenn leikskólans búnir að fara á það.

### **Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir**

3. nóvember sótti undirrituð fund vegna BsVest á Patreksfirði. Talsverður tími hefur farið í málefni BsVest en Ísafjarðarbær sótti um að vera leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra og var sú umsókn til umræðu á þeim fundi. Önnur sveitarfélög á Vestfjörðum tóku ekki vel í þessa hugmynd og var henni hafnað.

Þann 6. Nóvember var undirrituð á Reykjalandi á fundi.

Áfram var unnið að fjárhagsáætlun. Annars voru verkefni þessa mánaðar einstaklingsmál sem ekki er hægt að fjalla um nánar hér.

Þann 1. Desember sótti undirrituð síðan fund Sambands íslenskra sveitarfélaga um nýja reglugerð í persónuverndarmálum sem taka á gildi í vor og var það fróðlegt.

### **Frá slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason**

Nú er búið að taka endanlega ákvörðun um bílakaupin og ekkert eftir nema skrifa undir samninga við bílaumboðið og þá sem smíða yfir bílinn, og vonandi lýkur því á næstu dögum.

Það var eitt útkall í nóvember til aðstoðar slökkviliðinu á Drangnesi. Tilkynnt var um eld í húsi í Bjarnarfirði, mikill eldur var í húsinu þegar slökkvilið kom á staðin og aðstæður til slökkvistarfs erfiðar. Ekki tókst að bjarga húsinu.

### **Frá skólastjóra – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

2. nóvember mætti Kristrún Lind Birgisdóttir ráðgjafi og fræðslustjóri í skólanum og fylgdist með kennslu og þeim breytingum á kennsluháttum sem orðið hafa til samræmis við aðalnámskrá grunnskóla. Hún fundaði einnig með kennurum og foreldrum síðar um daginn.

3. nóvember var starfsdagur í skólanum og var þá unnið að áætlanagerð og undirbúningi fyrir foreldradag 6. nóvember

8. nóvember var dagur eineltis og var þá fjallað um einelti og samskipti í öllum bekkjum og unnið með það á margvíslegan hátt.

9. nóvember var dagur myndlistar og þá heimsótti Gunnar Jónsson myndlistarmaður nemendur unglingsdeildar og kynnti þeim verk sín.

13. og 14. nóvember var vetrarfrí í skólanum

15. nóvember var Magnús Baldursson sálfræðingur á staðnum

21., 22., og 23. nóvember voru Salvör Aradóttir og Ólafur Hrafn Júlíusson með vinnusmiðju fyrir nemendur í unglingsdeild. Smiðjan er hluti af samnorrænu verkefni sem heitir Sögur að norðan. Grunnskólinn á Hólmavík og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum eru samstarfsaðilar þeirra í verkefninu sem snýst um stafræna miðlun sagna ungs fólks á norðurslóðum. Í lok smiðju var kynning á verkefnum nemenda.

Kennarar funduðu með Nönnu Christianssen um leiðsagnarmat í skólum. Þá hittust starfsmenn samfellunnar og fóru yfir starfið auk ýmissa hefðbundinna funda

Unnið hefur verið að uppsetningu vinnusvæða nemenda og kennara í umhverfi Google og endurnýjað efni hefur verið sett inn á heimasíðu Grunnskólans.

### **Frá forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir**

Ég tók mér síðbúið sumarfrí núna í nóvember, og á meðan leystu bæði Elísa Mjöll og Sigga Drífa mig af.

Ég setti mig í samband við þá sem leggja efnið í barnalaugina. Þeir ætla að koma næsta vor og gera við laugina, leggja nýtt efni í hana sem á ekki að smita né losna frá.

Varðandi flísar í potta þá setti sölumaður hjá Vídd sig í samband við mig og sagði mér að flísarnar í pottana væru hættar í framleiðslu. En hann ætlaði að leita að samskonar flísum og láta mig vita.

Sundlaugin sjálf hefur verið lokuð að stórum hluta í nóvember. Mikil vindkæling og frost hefur verið í þessum mánuði. En pottar, gufa og líkamsræktaraðstaða hefur verið opið.

Dæla fyrir snjóbræðslukerfi bilaði og kaupa þurfti nýja dælu.  
Gufan nær ekki nægilega háum hita og er því biluð, skipta þarf um spíssa í gufunni.